

Samantekt

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdi eftirfylgni eftirlit á tímabilinu 20. mars til 18. maí 2026 vegna frávíka sem skráð voru í eftirlitsskýrslu dags. 2. desember 2025 vegna ítareftirlits hjá Háafelli með rekstrarleyfi FE-1171 í Ísafjarðardjúpi.

Samkvæmt tímasettri úrbótaáætlun eftirlitsþega átti úrbótum að vera lokið 1. mars 2026.

Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti vegna eftirfylgni eftirlits. Gögnin bárust 26. mars og 15. maí og voru yfirfarin á skrifstofu.

Að loknu eftirfylgni eftirliti er ljóst að eftirlitsþegi hefur lagfært tvö alvarleg frávik er vörðuð innra eftirlit og sannprófun, eitt alvarlegt frávik varðandi viðbragðsáætlanir fór úr alvarlegu frávik í frávik og tvö frávik varðandi verklagsreglur og báta og flutningstæki voru lagfærð að fullu. Eftir stendur eitt alvarleg frávik vegna þjálfunar starfsfólks og tvö frávik vegna gæðahandbókar og viðbragðsáætlana.

Veittur er frestur til úrbóta til 9. júní 2026.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Innra eftirlit	Lagfært
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Innri úttektir - sannprófun	Lagfært
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna	09/06/2026

Frávik	Úrbótafrestur
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Bátar og flutningstæki	Lagfært
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Verklagsreglur	Lagfært
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Gæðahandbók	09/06/2026
Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir	09/06/2026

Viðstödd heimsókn Háafell ehf.
Kennitala viðtakenda 520199-3149
Skoðunarmaður Jónína Guðmundsdóttir
Tölvupóstur mast@mast.is

Undirbúningur 0 klst.
Frágangur 8 klst.
Tímar við úttekt 1 klst. og 30 mín.
Akstur 0 klst.

Frávík í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025:

Þjálfunarskrá starfsfólks er ófullnægjandi. Erfiðlega gekk að fá heildstætt yfirlit yfir þjálfun einstakra starfsmanna en eftirlitsmönnum var sýnt eitt skjal þar sem tekin var saman þjálfun tólf starfsmanna. Á því skjali var ekki hægt að sjá hvenær starfsmaður hóf störf.

Enginn þessara tólf starfsmanna hefur hlotið þjálfun í þeim atriðum sem reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 kveður á um að starfsmenn skuli fá. Fyrir liggur að eftirlitsþegi afhenti ekki þjálfunarskrá fyrir alla starfsmenn.

Að mati Matvælastofnunar eru þjálfunarskrár starfsfólks því ófullnægjandi og þarfnast úrbóta.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Við eftirfylgni eftirliti kallaði Matvælastofnun eftir þjálfunarskrá allra starfsmanna eldisstöðvarinnar. Af þeim gögnum sem send voru metur Matvælastofnun þjálfunarskrá starfsmanna fullnægjandi.

Af yfirferð yfir þjálfunarskrár starfsmanna getur Matvælastofnun ekki staðfest að allir starfsmenn eftirlitsþega hafi fengið alla þá þjálfun sem skylt er að fá samkvæmt viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og verklag eftirlitsþega um þjálfun kveður á um að starfsmenn eigi að fá. Sjö starfsmenn eftirlitsþega hafa ekki hlotið þjálfun í velferð eldisfiska þrátt fyrir að hafa starfað það lengi hjá eftirlitsþega að slíkri þjálfun ætti að vera lokið skv. verklagi um þjálfun. Þá liggur ekki fyrir fullnægjandi staðfesting á nýliðaðþjálfun eins starfsmanns.

Þar sem fullnægjandi úrbætur hafa ekki átt sér stað stendur alvarlegt frávík enn.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávík

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit
Gæðahandbók

Frestur til úrbóta: 09/06/2026

Frávík í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025:

Skipuriti er ekki til staðar fyrir alla starfsmenn eldissvæðis, einungis fyrir stjórnendur.

Yfirlit yfir ábyrgðarsvið og starfslýsingar starfsmanna eldisstöðvarinnar eru ekki til staðar.

Í verklagi um þjálfun starfsfólks vantar að tilgreina tímamörk á því hvenær nýliðaðþjálfun á að vera lokið. Þá vantar einnig að tiltaka hvaða þjálfun þarf að viðhalda og tíðni. Nýliðaðþjálfun er mjög viðamikil og líkur að mestu til á einum degi. Matvælastofnun telur að slík þjálfun sé of yfirgripsmikil fyrir fyrsta dag í vinnu.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir skipuriti fyrir alla starfsmenn stöðvarinnar, verklagi um skipulag og ábyrgðarskiptingu, starfslýsingum allra starfsmanna og verklagsreglu um þjálfun starfsfólks.

Við yfirferð á skipuriti fiskeldisstöðvarinnar kemur ekki fram fjöldi háseta, þ.e. fjöldi starfsmanna sem þurfa að vera til staðar á þjónustubátum.

Starfslýsingar eru fullnægjandi.

Í verklag um þjálfun starfsfólks vantar að tilgreina hvenær þjálfun í að lágmarka umhverfisáhrif eigi að fara fram.

Í ljósi framangreinds er úrbótum ekki að fullu lokið.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávík

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit
Viðbragðsáætlanir

Frestur til úrbóta: 09/06/2026

Frávík í eftirlitsskýrslu dags: 2. desember 2025

Í eftirlitinu óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá allar þær viðbragðsáætlanir sem giltu um fiskeldisstöðina.

Ekki er til staðar viðbragðsáætlun um tjón á kvíum vegna slysa/árekstrar en gerð er krafa um að hún sé til staðar skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 undir lið g í viðbragðsáætlunum.

Uppfæra þarf viðbragðsáætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun þannig að tilkynna þurfi til Matvælastofnunar um fyrirhugaða stöðvun rekstrar og þegar rekstrarstöðvun hefur átt sér stað. Þá skortir upplýsingar um það hvað skuli gera við eldisfiskinn komi til stöðvunar, t.d. vegna fóðrunar og umhirðu fisksins og hver taki meltu til meltuvinnslu.

Viðbragðsáætlun um massadauða þarf að yfirfara í heild sinni og lýsa þar raunverulegum viðbrögðum við massadauða. Þá skortir

upplýsingar um notkun sweep neta sem eftirlitsþegi upplýsti eftirlitsmenn að væru til staðar, hvar þau eru geymd og hvernig á að nota þau.

Viðbragðsáætlun vegna olíumengunar er ekki nægjanlega ítarleg. Ekki er lýst viðbragði t.d. þegar olíumengun er það mikil að fiski standi ógn af henni. Þá uppfyllir viðbragðsáætlunin ekki kröfur sem gerðar eru til uppsetningar slíkra áætlana skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Skráning í eftirfylgni eftirliti:

Í eftirfylgni eftirliti kallaði Matvælastofnun eftir viðbragðsáætlun um tjón á kvíum vegna slysa eða áreksturs, viðbragðsáætlun um tímabundna- og varanlega rekstrarstöðvun, viðbragðsáætlun vegna massadauða, viðbragðsáætlun vegna olíumengunar og viðbragðsáætlun vegna fárviðris og ísingar á búnaði.

Viðbragðsáætlun um tímabundna- og varanlega rekstrarstöðvun hefur ekki verið lagfærð með fullnægjandi hætti. Í markmið viðbragðsáætlunarinnar vantar að tryggja velferð eldisfisks komi til rekstrarstöðvunar og á meðan hún varir. Lýsa þarf með ítarlegri hætti hvernig tryggja á fóðrun og velferð fisks í stöðinni á meðan rekstrarstöðvun stendur og tilkynna þarf til Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar ef rekstur hefst á ný.

Aðrar viðbragðsáætlanir hafa verið lagfærðar.

Í ljósi framangreinds sem og þar sem búið er að lagfæra meirihluta frávika undir þessum lið frá fyrri eftirlitsskýrslu fer frávikið úr því að vera alvarlegt frávik yfir í að vera frávik.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 18/05/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 18/05/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 3 skoðunaratriðum, þar af 1 alvarlegt frávik og 2 frávik.

Nánari útlitun á skoðunaratriðum má finna í [eftirlitshandbókum](#) Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Island.is.

[Lagagrunnur eftirlits](#)

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Bátar og flutningstæki

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Verklagsreglur

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Innra eftirlit

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Innri úttektir - sannprófun

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Þjálfunarskrá starfsmanna

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Gæðahandbók

Sjókvíaeldi - Ítareftirlit - Viðbragðsáætlanir